

Afhending spjaldtölva

Haut 2016 - 3. hluti
Nemendaverkefni

Umræður fyrir tímann

- Til að verkefnið skili sem bestum árangri er nauðsynlegt að umsjónarkennari gefi sér tíma til að ræða við bekkinn um notkun spjaldtölvanna áður en þær eru afhentar.
- Best er að sú umræða fari fram á degi þar sem spjaldtölvurnar eru ekki í höndum nemenda.

Viðhorf kennarans

- Umsjónarkennari þarf að taka afstöðu til þeirra þátta sem ræða á í bekknum.
- Einnig er gott að kennari viti hvaða viðhorf eru almennt uppi um þessa þætti meðal starfsmanna skólans.

Til umhugsunar fyrir kennara

- Finnst kennara í lagi að nemendur taki myndir af öðrum og birti jafnvel á netinu?
- Finnst kennara í lagi að nemendur noti spjaldtölvurnar sem leikföng á skólatíma? Eiga þær að vera ofan í tösku nema kennari leyfi annað?
- Finnst kennara í lagi að nemendur eigi við tæki hvers annars?
- Hefur kennari áhyggjur af því að tölvunotkun nemenda geti orðið of mikil?
- Finnst kennara skipta máli að foreldrar setji mörk um tölvunotkun heima fyrir?

Myndatökur

- Ræðið við bekkinn og fáið fram viðhorf nemenda til þess að hægt sé að taka myndir hvenær sem er og birta á netinu.
- Nemendur velti fyrir sér hvort slíkt geti verið óþægilegt fyrir þann sem fyrir því verður.

Leikir

- Ræðið við bekkinn um að tilgangur spjaldtölva í skólum sé að þær séu notaðar sem námstæki.
- Fáðu fram viðhorf nemenda til þess hvenær sé í lagi að leika sér. Má það til dæmis þegar námsverkefni er lokið, meðan beðið er eftir kennara, í einhverjum frímínútum...?

Tæki annarra

- Ræðið við nemendur um virðingu fyrir eigum annarra, að spjaldtölvur geti geymt persónuleg gögn sem öðrum komi ekki við og að þær eigi að vera læstar með lyklnúmeri.
- Nemendur velti fyrir sér hvort það geti verið óþægilegt að aðrir nemendur komist í tækið manns.

Netnotkun

- Ræðið við nemendur um að sumir geti lent í erfiðleikum með að stjórna tölvunotkun sinni. Að mikilvægt sé að halda áfram að hitta vini, leika sér úti og sinna náminu.
- Ræðið hvert sé hægt að leita ef maður lendir í slíkum vandræðum eða hefur áhyggjur af öðrum - til foreldra, kennara, skólasálfræðings o.s.frv.

Reglur heima

- Ræðið við nemendur um að eðlilegt sé að foreldrar setji reglur um notkun spjaldtölvanna heima fyrir.
- Hvetjið nemendur til að ræða við foreldra sína um hvað sé hæfilegur tími í tölvunotkun og segja frá því í bekknum.
- Foreldrafélög skólanna munu hvetja foreldra til að hafa samráð um slíkar reglur innan bekkja eða árganga.

Sjálf kennslustundin


Nemendaverkefnið

- Nemendur opna PADLET appið og stofna aðgang með netfanginu sínu.
- Kennari veitir nemendum aðgang að PADLET skjalinu með QR kóða.
- Nemendum er skipt í hópa sem ræða saman og koma sér saman um reglu bekkjarins um tiltekið málefni.


Nemendaverkefnið


- Nemendur skrifa reglurnar á PADLET skjalið.
- Kennari stýrir umræðum og tryggir að allir séu klárir á reglunum, sammála um þær og sáttir.
- Kennari prentar PADLET skjalið út og hengir upp í stofunni.

Opnió PADLET




Smellið á OK





Smellið á
SIGN UP



Sláið inn netfang og lykilorð (af strimlinum)

Setjið hak í "I'm beautiful" og
smellið á SIGN UP

15:34



Sign up for Padlet

Sign up with Google


Sign up with Facebook

☐ I'm beautiful


Sign up

Old timer? [Log in](#)

Smellið á OPEN



Smellið á
SCAN QR
CODE



15:36

Open a padlet

SCAN QR CODE

or

Enter the url of the padlet you want to open

E.g. <http://padlet.com/doodlebug/padlet-in-boo>


OPEN

Á meðan...

- Kennari smellir á "SHARE" táknið í PADLET á sínu tæki og býr til QR kóða fyrir nemendur að skanna til að þeir fái aðgang að skjalinu í PADLET.


Kennari smellir á SHARE tæknið

Það er mynd af kassa með
pílu upp úr.



Kennari sækir QR kóða

Smellið á VIEW QR CODDE



Nemendur skanna QR kóða

- Kóðinn birtist í tæki kennarans.
- Kennari getur tengst skjávarpa eða gengið um og leyft nemendum að skanna kóðann með sínum tækjum.

Umræður nemenda


- Kennari skiptir nemendum í fimm hópa og biður hvern hóp að skoða eina af myndunum í PADLET skjalinu, ræða það sem þar stendur og koma sér saman um reglu sem eigi að gilda í bekknum.
- Þegar reglan hefur verið ákveðin sér einn úr hverjum hópi um að skrifa regluna á PADLET skjalið undir myndinni.
- Kennari skoðar innlegginn og samþykkir svo allir geti séð.

Umræður nemenda

- Þegar allar reglurnar hafa verið settar inn á PADLET skjalið stjórnar kennari stuttum umræðum þar sem farið er yfir reglurnar og samþykki allra fengið.
- Kennari flytur svo tilbúna skjalið út sem pdf skjal og prentar út til að hengja upp í stofunni.

Kennari smellir á SHARE tæknið

Það er mynd af kassa með
pílu upp úr.



Kennari flytur út pdf

